

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 112/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Ólafssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. mars 1994. Krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en ákærði krefst sýknu í málinu.

Sannað er með niðurstöðu blóðrannsóknar og öðru því, sem fram er komið í málinu, að ákærði hefur gerst sekur um brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga, eins og í ákæru greinir. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 40/1994: Ákærvaldið gegn Jóni Ólafssyni, sem tekið var til dóms 16. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 24. janúar sl., á hendur ákærða, Jóni Ólafssyni, Rauðagerði 49 hér í borg, kt. 110448-4579.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. ágúst 1993 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni KV-325 norður Biskupstungnabraut í Árnessýslu uns lögregla stöðvaði akstur hans við afleggjara að Vaðnesi þar í sýslu.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-réttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Aðfaranótt sunnudagsins 1. ágúst sl. klukkan 4.10 stöðvuðu tveir lögreglumenn í Árnessýslu ákærða, Jón Ólafsson, sem þá hafði ekið jeppabifreiðinni KV-325 norður Biskupstungnabraut, en aksturinn var stöðvaður við afleggjarann að Vaðnesi í Grímsnesi. Í skýrslu annars lögreglumannanna segir, að þegar þeir hafi rætt við ákærða hafi þeir fundið leggja frá vitum hans sterka áfengislykt og auk þess hafi augu hans verið vot og rauð. Virtist hann verulega undir áhrifum áfengis og auk þess reikull í spori. Hann neitaði að gefa öndunarsýni og var fluttur á Selfoss og þar fyrir varðstjóra. Ákærði neitaði þá að tjá sig um sakarefnið, en við handtökuna og ávallt síðan neitar ákærði að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn og hafi hann ekki neytt áfengis fyrr en að honum loknum.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins, en hann er á sama veg og áður er komið fram við rannsókn hjá lögreglu.

Ákærði kannast við að hafa ekið bifreiðinni KV-325 aðfaranótt sunnudagsins 1. ágúst sl. norður Biskupstungnabraut í Árnessýslu og þar til akstri lauk fyrir afskipti lögreglu við afleggjara að Vaðnesi þar í sýslu. Hann neitar því hins vegar að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Ákærði kveðst hvorki hafa neytt áfengis fyrir aksturinn né við hann. Hann kveðst hins vegar hafa drukkið um hálfan lítra af vodka úr plastpela eftir að lögreglan hafði stöðvað hann, og neytti hann áfengisins í tveimur lögreglubifreiðum, fyrst í þeirri, sem hann var færður í þegar eftir handtökuna, og síðan í þeirri, sem flutti hann á Selfoss, en skipt var um bifreið á leiðinni. Þegar lokið var úr pelanum henti ákærði honum út um glugga lögreglubifreiðarinnar, en ákærði sat í vinstra aftursæti hennar og henti pelanum út um glugga hurðarinnar vinstra megin að aftan. Ákærði kveðst hafa geymt pelann í vasa á viðum buxum sínum.

Ákærði var eftir handtökuna leiddur inn í lögreglubifreið og settur í hægra aftursæti hennar, en í hinu vinstra sat annar maður fyrir. Frammi í lögreglubifreiðinni sátu tveir lögreglumenn. Byrjaði ákærði að drekka úr pelanum í þessari bifreið. Hann hélt því áfram í hinni lögreglubifreiðinni. Tveir lögreglumenn sátu frammi í henni í fyrstu, en stuttu eftir að ökuferðin hófst fór annar þeirra úr bifreiðinni, og urðu ákærði og ökumaður lögreglubifreiðarinnar eftir það einir í henni alla leið á Selfoss.

Ákærða var í upphafi boðið að blása í blöðru, en hann neitaði því og taldi slíkt ástæðulaust. Ákærði hafði ekki neytt áfengis, þegar honum var boðið að blása í blöðruna. Ákærði segir, að það hafi komið flatt upp á sig, þegar lögreglan hafði afskipti af honum, og hann minnst þess ekki að minnst hafi verið á það við sig, áður en ökuferðin hófst á Selfoss, að þangað skyldi hann færður til blóðtöku. Ákærði segist hafa byrjað áfengisdrykkjuna, þar sem fokið hafi í sig vegna hinna tilefnislausu afskipta lögreglunnar af honum.

Vitnið Elís Kjartansson lögreglumaður, Lágengi 7 á Selfossi, kveðst hafa ekið lögreglubifreiðinni umrætt sinn á leið austur Biskupstungnabraut í Grímsnesi. Lögreglubifreiðin dró uppi jeppabifreið, sem var á undan, og fannst þeim lögreglumönnum aksturslag hennar einkennilegt og hún rása til á veginum og fara öðru hverju yfir á rangan vegarhelming. Var því ákveðið að stöðva bifreiðina og það gert eftir að hún hafði beygt inn á afleggjarann að Vaðnesi. Stöðvaði vitnið lögreglubifreiðina fyrir aftan vinstra afturhorn jeppabifreiðarinnar, svo að það sá hliðina á jeppabifreiðinni. Félagi vitnisins gekk að hinni bifreiðinni, og út úr henni steig ákærði. Segir vitnið, að jafnvægi ákærða hafi verið óstöðugt, þegar hann gekk að lögreglubifreiðinni, en hann var látinn setjast í hægra aftursæti hennar. Þegar hann var kominn inn í bifreiðina, fann vitnið áfengislykt leggja um lögreglubifreiðina. Vitnið man ekki nákvæmlega orðaskipti við ákærða, en stuttu eftir komu ákærða inn í lögreglubifreiðina var ákærði beðinn að blása í öndunarsýnisblöðru. Ákærði tók við blöðrunni, en kvaðst neita að blása í hana. Hann bar hana hins vegar upp að munninum án þess að þrýsta henni að honum. Sá vitnið, þegar andardráttur ákærða kom í blöðruna, að hún sýndi 2. stig af fjórum mögulegum, en þá miðar vitnið við, að blásið sé af fullu í hana.

Vitnið segir, að ákærða hafi verið gerð grein fyrir því, að honum yrði ekið á Selfoss vegna grunar um ölvun við akstur, og hafi hann ekkert sérstakt sagt um þessa ákvörðun, en það hafi komið fram hjá honum, að þeir lögreglumennirnir ættu eftir að sjá eftir þessu. Var nú lagt af stað að Selfossi, en jafnframt kölluð til önnur lögreglubifreið, þar sem þeir lögreglumenn-

irnir voru á leið til Laugarvatns, þegar þeir höfðu afskipti af ákærða. Sú lögreglubifreið kom á móti vitninu, og mættust bifreiðarnar á milli bæjanna Tannastaða og Alviðru, og þar var ákærði færður á milli bifreiða og lagt af stað með hann í hinni bifreiðinni til Selfoss. Ekki hafði verið ekið lengi, þegar hafa þurfti afskipti af öðrum ökumanni, og leiddi það til þess, að annar lögreglumannanna í bifreiðinni, sem flutti ákærða að Selfossi, varð að yfirgefa bifreiðina til að taka við stjórn bifreiðarinnar, sem þarna þurfti að hafa afskipti af.

Vitnið segir, að enginn efi hafi verið í huga þess, frá því að það sá ákærða fyrst og þar til hann var kominn inn í bifreiðina, að hann væri mjög ölvaður, og er vitnið alveg öruggt um, að ákærði neytti einskis áfengis í bifreiðinni hjá því, meðan hann var þar. Vitnið man ekki, hvernig ákærði var klæddur, en tekur fram, að hann hafi verið þannig klæddur, að ekki hafi komið til álita að leita á honum að áfengi, sem sé gert að öllu jöfnu, ef ástæða sé til að ætla að í fötum manna geti leynst áfengi. Vitnið er fullvisst um, að ákærði hafði ekki í höndum flösku eða pela, þegar hann gekk á milli bifreiðanna, né sá vitnið slíkt í fórum hans inni í bifreiðinni.

Vitnið Svanur Kristinsson lögreglumaður, Háengi 15 á Selfossi, kveðst hafa verið í lögreglubifreiðinni með Elísi og sat við hlið hans. Þeir drógu uppi jeppabifreið á leið sinni að Laugarvatni og sáu, að aksturslag hennar var furðulegt, og rásaði hún á milli vegkanta. Ákváðu þeir þá að stöðva bifreiðina og gáfu ökumanni hennar ljós- og hljóðmerki, en hann staðnæmdest ekki strax og ekki fyrr en hann var kominn inn á afleggjarann að Vaðnesi. Þar stansaði hann og lögreglubifreiðin til hliðar, og steig vitnið út og gekk í átt að bifreiðinni. Steig þá ákærði út og virtist mikið ölvaður. Var hann reikull í spori, þvoglumæltur og þrasgjarn. Vitnið segir, að alls enginn efi hafi verið í huga þess, að ákærði virtist mikið ölvaður. Vitnið leiddi ákærða að lögreglubifreiðinni og lét hann setjast í hægri aftursæti hennar, en í hinu vinstra sat farþegi, sem þeir lögreglumennirnir voru að flytja til Laugarvatns.

Ákærða var gerð grein fyrir því í lögreglubifreiðinni, hver ástæðan væri fyrir afskiptum lögreglunnar af honum, en hann neitaði eindregið að hafa neytt áfengis. Ákærða var boðið að blása í blöðru, en hann neitaði að gefa öndunarsýni. Hins vegar bar hann blöðruna upp að munnum, en setti hana ekki upp í sig. Blástur ákærða í blöðruna sýndi þegar 2. stig af fjórum mögulegum.

Lögreglubifreið var fengin frá Selfossi til að sækja ákærða og hann færður á milli bifreiðanna á milli bæjanna Alviðru og Tannastaða. Lauk þá afskiptum vitnisins af ákærða.

Vitnið fullyrðir, að ákærði hafi ekki drukkið áfengi, hvorki á leiðinni á milli bifreiðanna né í lögreglubifreiðinni á meðan vitnið var þar með honum, en þar var vitnið allan tímann þar til ákærði var færður á milli bifreiða, og það kveðst hafa horft á báðar hendur ákærða, þegar hann steig út úr bifreið sinni. Fullyrðir vitnið, að ákærði hafi ekki haft áfengispela í höndum, sem hann hafi stungið á sig.

Vitnið segir, að ákærði hafi ekki viljað í fyrstu fara inn í lögreglubifreiðina og taldi það óþarfa. Samt sættist hann á það eftir fortölur, en eftir komu hans inn í lögreglubifreiðina tók hann að hóta þeim lögreglumönnum vegna afskipta þeirra af honum.

Vitnið kveðst hafa fylgst sérstaklega vel með ákærða vegna mótþróa hans og hótana, og sneri vitnið að hálfu aftur í sæti sínu, og auk þess gat það fylgst með ákærða í spegli, ef það horfði fram. Vitnið man ekki betur en að ákærða hafi verið sagt, að tilgangurinn með ökuferðinni væri sá að færa hann í blóðrannsókn. Vitnið þorir þó ekki að fullyrða þetta.

Vitnið Jóhann Hannes Jónsson lögreglumaður, Suðurengi 6 á Selfossi, kveðst umrætt sinn hafa verið sent frá Selfossi á lögreglubifreið ásamt starfsbróður sínum þeirra erinda að sækja ákærða, sem félagar þeirra voru búnir að handtaka, en þeir voru að sinna öðru starfi. Þeir félagar tóku við ákærða í bifreiðina sunnan við Alviðru, og eftir stuttan akstur þeirra beggja með ákærða þurfti starfsbróðir þess að yfirgefa bifreiðina vegna annarra starfa.

Vitnið segir, að samkvæmt sínu mati hafi ákærði verið mikið ölvaður af ökumanni að vera, þegar hann var færður yfir í bifreiðina hjá vitninu og starfsbróður þess. Vitnið sá ekki áfengi eða ílát undan einhverjum drykkjarvörum í fórum ákærða, hvorki þegar hann var færður á milli bifreiðanna né í bifreiðinni hjá vitninu. Þá sá vitnið ekki ákærða kasta áfengispela út úr lögreglubifreiðinni um glugga. Vitnið kveðst hafa fylgst eins vel með ákærða og það gat samhliða því að aka lögreglubifreiðinni, og horfði það á hann í baksýnispeglinum eins mikið og mögulegt var. Vitnið á ákaflega erfitt með að sjá þann möguleika, að ákærði gæti drukkið úr áfengispela í bifreiðinni og hent honum út úr bifreiðinni, svo að vitnið sæi það ekki.

Vitnið man ekki til þess, að það kæmi til tals í lögreglubifreiðinni hjá því, að verið væri að færa ákærða í blóðrannsókn á Selfossi.

Vitnið Klemens Geir Klemensson lögreglumaður, Jórutúni 6 á Selfossi, kveðst hafa verið sent umrætt sinn frá Selfossi í lögreglubifreið ásamt starfsbróður sínum þeirra erinda að sækja ákærða, sem félagar þeirra voru búnir að handtaka, en þeir voru að sinna öðru starfi. Þeir félagar tóku við ákærða í bifreiðina sunnan við Alviðru, og eftir stuttan akstur þeirra beggja

með ákærða þurfti vitnið að yfirgefa bifreiðina vegna annarra starfa. Vitnið giskar á, að akstur frá Selfossi að þeim stað, þar sem tekið var við ákærða, taki að jafnaði 7–10 mínútur.

Vitnið kveðst engan veginn geta séð möguleika á því, að ákærði hafi getað verið með áfengi á sér á meðan vitnið sá hann. Vitnið gekk til móts við starfsbræður sína, þegar ákærði var fluttur á milli bifreiðanna, og gekk með honum að bifreiðinni, sem vitnið var í. Var ákærði látinn sitja fyrir aftan ökumanninn og lagt af stað til Selfoss, en eftir stuttan akstur þurfti vitnið, eins og áður greinir, að yfirgefa lögreglubifreiðina. Vitnið sá ekki ákærða neyta áfengis á leiðinni á milli lögreglubifreiðanna né í bifreiðinni hjá starfsbróður sínum á meðan þeir voru saman. Þá sá vitnið ekki ákærða henda pela út úr bifreiðinni. Vitnið segir, að enginn möguleiki hafi verið á áfengisdrykkju eða því að pela væri hent út úr bifreiðinni á meðan vitnið var í henni, en það var örstuttur tími.

Vitnið segir, að því hafi virst ákærði mjög ölvaður, og var mikil áfengislykt af honum. Þá var jafnvægi hans áberandi óstöðugt.

Vitnið Hjalti Guðmundsson, Hallveigarstíg 8 hér í borg, kveðst staðfesta, að það hafi verið farþegi í lögreglubifreið, þegar ákærði var færður í hana, og voru þeir saman í lögreglubifreiðinni nokkurn spotta frá Vaðnesvegamótum í Grímsnesi áleiðis að Selfossi og þar til önnur lögreglubifreið tók við ákærða. Vitnið telur, að eftir sinni bestu vitneskju hafi ákærði vafalaust verið búinn að fá sér í glas, þegar hann kom inn í lögreglubifreiðina og settist við hlið vitnisins í aftursæti hennar. Ekki fylgdist vitnið með ákærða í lögreglubifreiðinni á meðan þeir voru saman, og segir vitnið, að ákærði hafi verið hljóður. Ekki varð vitnið þess vart, að ákærði væri að drekka áfengi. Vitnið telur mögulegt, að ákærði hafi getað drukkið áfengi í bifreiðinni, þó að vitnið sæi það ekki, ef hann hefði farið nógu laumulega með það. Ekki sá vitnið áfengispela í höndum ákærða í bifreiðinni. Vitnið telur, að það og ákærði hafi verið saman í lögreglubifreiðinni í 5–10 mínútur. Vitnið heyrði ákærða neita spurningu lögreglumannanna um það, að hann hefði neytt áfengis.

Vitninu fannst það sjá það á ákærða, að hann væri búinn að innbyrða eitthvað af áfengi. Vitnið kveðst sjálft hafa verið undir áhrifum áfengis og fann því ekki lykt af ákærða. Vitnið varð ekki vart við, að lögreglumennirnir fylgdust með þeim farþegunum í aftursætinu, en ekki var vitnið þó að fylgjast með þessu sérstaklega.

Ákærði hafnaði tilboði um að ljúka máli þessu með lögreglustjórasátt.

Eins og fram er komið hefur ákærði staðfastlega neitað sakargiftum frá upphafi. Hins vegar hafa báðir lögreglumennirnir, sem stóðu að handtöku

ákærða, borið, að hann hafi verið mikið undir áhrifum áfengis við handtökuna, og auk þess lýst athugaverðum akstri hans og því, að við öndun ákærða í blöðru hafi komið fram merki um áfengisneyslu. Þá hefur vitnið Hjalti borið, að það telji, að ákærði hafi augljóslega verið búinn að fá sér í glas og innbyrða eitthvað af áfengi, þegar hann þegar eftir handtökuna var settur við hlið þess í lögreglubifreiðinni. Er því sannað þrátt fyrir neitun ákærða með framburði þessara þriggja vitna, að ákærði hefur verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar KV-325 greint sinn. Þá er einnig sannað með framburði framangreindra tveggja lögreglumanna, sem fær stoð í framburði vitnisins Hjalta, að sú saga ákærða, að hann hafi neytt áfengis í fyrri lögreglubifreiðinni, þar sem fokið hafi í hann vegna tilefnislausra afskipta lögreglunnar af honum, sé röng, og hlyti ákærði allsgáður að hafa tekið því fegins hendi að fá að sanna sakleysi sitt með því að blása í blöðruna, en honum gat ekki dulist, þegar honum var boðið upp á það, að verið væri að saka hann um ölvunarakstur. Þá er það einnig mat dómsins, að ósannað sé, að ákærði hafi neytt áfengis í seinni lögreglubifreiðinni á hinni stuttu leið hennar til Selfoss. Verður því við það miðað, að það áfengismagn hafi verið í blóði ákærða við aksturinn, sem mældist við rannsókn, en það voru 2,64‰. Er háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar, svo sem krafist er í ákæru, en hún þykir hæfilega ákveðin 35.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Þá hefur ákærði unnið sér til þess að verða sviptur ökurétti svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða þessum rétti í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000,00 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Ólafsson, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000,00 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns.
